



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 og lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992 (Óunninn afli, VS-afli, gagnsæi, veiðiskylda og Verkefnasjóður sjávarútvegsins).
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Atvinnuvegaráðuneytið/skrifstofa auðlinda.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	10. september 2026.

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Til að stuðla að því að koma í veg fyrir eða draga úr brottkasti er í 9. og 10. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða heimild fyrir skipstjóra fiskiskips í aflamarkskerfinu að ákveða að hluti afla reiknist ekki til aflamarks þess, eða allt að 5% af fisksafla (0,5% af uppsjávarafla) sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili. Er þetta kallaður VS-afli en 80% af aflaverðmætinu er varið til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (og 20% til útgerðar) sem starfar samkvæmt lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Í 3. mgr. 1. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla kemur fram að úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins sé hægt að verja fé til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum.

Í 7. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða er heimild fyrir ráðherra til að leggja álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað, og getur álagið verið allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir. Er þessi heimild til að stuðla að því að íslenskur afli skuli unninn hérlandis.

Til að stuðla að því að auðlindir séu nýttar og stjórn fiskveiða sé skilvirk er í 6. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða skylda til að veiða a.m.k. 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki skips og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári en annars fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

Í 14. gr. laga um stjórn fiskveiða er fjallað um upplýsingaskyldu aðila og eftirlit Fiskistofu með reglum um hámarksaflahlutdeild.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Aukning hefur verið í því að afli fiskiskipa sé færður sem VS-afli og hafa tekjur Verkefnasjóðs sjávarútvegsins því aukist töluvert á síðustu árum. Árið 2020 voru tekjur sjóðsins um 415 milljónir en hafa aukist í um tæpar 1900 milljónir fyrir 2025. Vísbendingar eru því um að heimildin sé nýtt einnig í viðskiptalegum tilgangi, í stað þess að hún sé einungis nýtt í samræmi við tilgang ákvæðisins sem er að tryggja að allur afli komi að landi og dregið sé úr brottkasti. Því er fyrirhugað að útfæra reglur um VS-afla með nánari hætti.

Þá er lagt til að heimilað verði að ráðstöfun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins geti náð til búnaðarkaupa fyrir viðbragðsaðila leitunar og björgunar á sjó, til viðbótar við stuðning við rannsóknir, nýsköpun og eftirlit með sjávarútvegi.

Einnig má marka aukningu á útflutningi á ónunnum sjávarafla. Sú þróun getur haft neikvæð áhrif á sérstöðu íslenskra sjávarafurða á erlendum mörkuðum, meðal annars þar sem óunninn íslenskur fiskur kann að vera seldur áfram samhliða fiski af öðrum uppruna. Slíkt getur veikt það orðspor sem íslenskur sjávarútvegur hefur byggt upp. Því til viðbótar dregur óunninn fiskur

úr framboði inn í vinnslur landsins sem leiðir til minna hráefnis og minni verðmætasköpunar á Íslandi. Til að bregðast við þessu er til skoðunar hvort útfæra þurfi ákvæði laga um stjórn fiskveiði með nánari eða öðrum hætti svo hægt sé að sporna við framangreindi þróun. Viðmiðunartímabil veiðiskylduákvæðisins passar ekki við tegundir með annað veiðitímabil en fiskveiðiárið, en orðalag ákvæðisins er ótvírætt um að viðmiðunartímabilið sé fiskveiðiárið. Skyldan tekur samt til allra tegunda óháð veiðitímabili, þ.m.t. áramótategunda á borð við makríl. Þetta getur leitt til þess að fiskiskip hafi skemmri tíma en ella til að fullnægja veiðiskyldunni vegna tegunda sem hafa annað veiðitímabil en fiskveiðiárið. Fyrirhugað er að útfæra nánari reglur sem að stuðla að auknu gagnsæi eignarhalds í sjávarútvegi m.t.t. reglna um hámarksaflahlutdeild. 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til? Þar sem ákvæði um skráningu VS-afla og úthlutun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins eru í lögum um stjórn fiskveiða og lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla þá verður að gera breytingar á lagaákvæðunum til að ná markmiðum frumvarpsins. Þá er einnig talið að viðbrögð við aukningu á ónunnum afla þurfi að byggja á skýrum lagaheimildum. Er í núgildandi lögum aðeins gert ráð fyrir því að hægt sé að bregðast við aukningu á útflutningi á ónunnum afla með álagningu á aflmark skips, en skoða þarf hvort innleiða þurfi fleiri úrræði í lög. Upp hefur komið að skip hafi ekki uppfyllt veiðiskyldu sína en hafi stundað flutning á aflamarki/aflahlutdeild milli skipa og þannig komist hjá skilyrði laganna um a.m.k. 50% veiðiskyldu. Tryggja þarf að veiðiskylduákvæðið nái tilgangi sínum með því að loka fyrir sniðgöngumöguleika og gera framkvæmd þess mögulega þannig að það taki bæði til hefðbundinna fiskveiðiarstegunda sem og áramótategunda. Gera verður breytingar á 12. og 14. gr. laga um stjórn fiskveiða til að auka gagnsæi og bæta reglur sem gilda um upplýsingagjöf og birtingu upplýsinga er varðar reglur um hámarksaflahlutdeild.
B. Markmið
1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki Meginmarkmið málefnasviðsins skv. fjármálaáætlun 2026-2030 eru samkeppnishæfni, sjálfbær auðlindanýting, hámarksnýting afurða, aukin framleiðni, vistkerfisnálgun, byggðamál, áhersla á gagnsæi, öflugar rannsóknir, eftirlit og þátttöku í erlendu samstarfi, stutt við orkuskipti og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda Að skýra betur forsendur VS-afla heimildar, að Verkefnasjóður geti styrkt sjóbjörgunarsveitir, að sjávarafli verði unninn á Íslandi, að veiðiskylda sé skýrð frekar, að auka gagnsæi eignarhalds, stuðlar þannig að aukinni samkeppnishæfni, gagnsæi, sjálfbærni og fullnýtingu afurða.
C. Leiðir
1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Óbreytt ástand. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Stjórnsýslufyrirmæli ekki talin nægileg. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Rétt að gera breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Áformað er að gera breytingu á 7., 9. og 10. mgr. 11. gr., 12. og 14. gr., og 6. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og á 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávarafla. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Lagt er til að útfæra reglur um VS-afla með nánari hætti, einkum um skilgreiningu á VS-afla, og um ferli VS-afla hjá uppboðsmörkuðum. Lagt er til að ráðherra geti við úthlutun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins varið fé til búnaðarkaupa fyrir viðbragðsaðila leitunar og björgunar á sjó, auk þess sem nú er til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Lagt til að útfærðar verði lagaheimildir til að bregðast við aukningu á útflutningi á óunnum afla. Lagt er til að ákvæði um veiðiskyldu taki mið af áramótategundum sem veiðast innan almanaksárs en ekki eingöngu innan fiskveiðiársins. Lagt er til að útfæra ákvæði sem auka gagnsæi og bæta reglur sem gilda um upplýsingagjöf og birtingu upplýsinga er varðar reglur um hámarksaflahlutdeild með nánari hætti.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda, Landssamband smábátaeigenda, Samtök smærri útgerða, Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnamanna, Félag vélstjóra og málmtæknimanna. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Svipuð drög um VS-afla og um viðtækari heimildir Verkefnasjóðs sjávarútvegsins hafa áður verið kynnt í samráðsgátt í máli nr. S-212/2024. Fjallað hefur verið um tillögur um aukið gagnsæi í tillögum <i>Auðlindarinnar okkar</i>, sbr. mál í Samráðsgátt nr. S-159/2023, og S-189/2024. 4. Fyrirhugað samráð Við helstu hagsmunaaðila og einnig Samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Áhrif óveruleg á ríkissjóð sbr. niðurstöðu frummats.
H. Næstu skref, innleiðing 1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Mun taka gildi skv. almennum reglum. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Skýrar heimildir í lögum. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Samantekt um nýtingu VS-heimilda, um ráðstöfun fjár til búnaðarkaupa fyrir leitun og björgun á sjó, um útflutning á óunnum fiski, um veiðiskyldu og um aukið gagnsæi eignarhalds í sjávarútvegi. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Ekki sérstaklega.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum